

1. stig

Skilningur: Hlustun

- Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Skilur að nokkru leyti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt.
- Fylgir meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaforða sem hefur verið kenndur.
- Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt.

Skilningur: Lestur

- Pekkir íslenska stafrófið og íslensku málhljóðin.
- Getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar.
- Getur lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð.

Tjáning: Talað mál, samskipti og frásögn

- Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.
- Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.

Tjáning: Ritun

- Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.
- Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Getur með takmörkuðum orðaforða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrir fram.

Lykilhæfni á 1. stigi

Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.

Tjáning og miðlun

- Lært og notað ný orð til að ræða ólik viðfangsefni.
- Rætt um áhugamál sín og skoðanir.

Sjálfstæði og samvinna

- Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.
- Tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.

Nýting miðla og upplýsinga

- Haft rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta.

Ábyrgð og mat á eigin námi

- Rætt um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar.
- Skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast.

Íslenska– Kennsluaðferðir og námsmat á 1. stigi

Stig	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
1. stig	<ul style="list-style-type: none">- áhorf og tjáning- skrift- <i>Hljóðainnlögn</i>- Lestur- sögur- söngur- leikir- verkefnablöð- skapandi vinna- einstaklings/para og hópvinna eftir því sem við á	<ul style="list-style-type: none">- ljósrit og hefti frá kennara- leikir, tónlist og annað efni- námsbækur- lestrarbækur- pokaverkefni	<ul style="list-style-type: none">- <i>Símat yfir veturinn</i>- <i>Metið með 6 hæfnitáknum eða metið lokið eða ólokið</i> <ul style="list-style-type: none">★ Framúrskarandi□ Mjög góð hæfni✓ Góð hæfni◊ Á góðri leið○ Þarfust þjálfunar✗ Hæfni ekki náðL LokiðÓ Ólokið